

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum og til barnabóta (III)).

#### 1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 465/2012 frá 22. maí 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 skal öðlast gildi hér á landi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á VI. viðauka (félagslegt öryggi) og bókun 37 við EES-samninginn, sbr. einnig 3. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum, og bókun 1 við EES-samninginn.

Reglugerðin skal gilda með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

#### 2. gr.

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um gildistöku reglugerðarinnar varðandi þau málefni sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar nr. 443/2012 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum og til barnabóta (I)) og fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með.

Í reglugerð nr. 617/2013 er kveðið á um gildistöku reglugerðarinnar varðandi þau málefni sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar nr. 442/2012 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar og velferðarráðuneytið fer með.

#### 3. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2013 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 31, frá 30. maí 2013, bls. 23. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 465/2012 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 16, frá 14. mars 2013, bls. 244.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 56. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og A-lið 68. gr. og 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 18. júní 2013.*

F. h. r.

**Hafðís Ólafsdóttir.**

*Haraldur Steinþórsson.*